



Hafnarfirði 7. ágúst 2020.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík.

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi
Nr. 123/2020 – Endurskoðuð reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi

Í samráðsgátt stjórnvalda liggur nú frammi endurskoðuð reglugerð um heimakennslu á grunnskólastigi sem birt var 29. júní 2020 og er til athugasemda til 10. ágúst 2020. Í umsögn um breytingartillöguna er sagt að reglugerðinni sé ætlað að laga vankanta á áður útgefinni reglugerð frá 2009 um sama efni vegna ábendinga sem um hana hafa komið, aðallega frá foreldrum. Meginefni breytinganna er að leggja til rýmkun á heimildum til heimakennslu með algjörlega nýrri reglugerð frekar en breytingu á þeirri fyrri.

Eftirfarandi umsögn eru sjónarmið frá skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar og er fulltrúi sveitarfélagsins Hafnarfjarðar sem fer með umboð til rekstrar grunnskóla sveitarfélagsins í samræmi við lög.

Umsögn

Almennt

Það er sjónarmið skrifstofunnar að reglugerðin um heimakennslu, og lagaheimildin þá sjálf að baki henni, hafi ekki mikla nauðsyn að baki sér eða skipti miklu máli fyrir rekstur grunnskólakerfisins á Íslandi. Lagaákvæðið í lögum um grunnskóla um heimakennslu er í reynd frávik um grunnskólastarf sem samfélagslegt verkefni þegar heimakennsla boðar einstaklingshyggjulega framkvæmd á skólastarfi til hliðar við almennt grunnskólastarf. Fyrirmyndin um heimakennslu á líklega talsverð tengsl við hugmyndir um heimakennslu í USA (e. home schooling) líkt og framkvæmdin virðist áætluð sem birtist í umræddri reglugerð. Þar má líta á heimakennsluhugmyndin að einhverju leyti sem vantraust á yfirvöld og almennt skólastarf og sé því ákveðin leið til að komast hjá því að vera þátttakendur í samfélagi eða losna undan ákveðinni kennslu eða að heimakennsla innrætir börnum sjónarmið sem ekki eru ríkjandi í samfélaginu, hvort sem slíkt er á grunni trúarbragða eða sérstakra, persónulegra skoðana. Svo leiða má

líkur að því að hugmyndafræði heimakennslu snúi þar helst að vantrausti og að losna undan samfélagslegum skyldum.

Í reglugerðinni er stór breyting þar sem horfið er frá því að gerð sér krafa um kennsluréttindi foreldra barna í heimakennslu. Sú breyting er á skjön við áherslur um fimm ára menntun og réttindi til kennslu innan grunnskóla. Það eitt er illskiljanlegt og þarfnast frekari umræðu og útfærslu.

Í Hafnarfirði hefur aldrei komið formlegt erindi um heimakennslu frá tilkomu laganna árið 2008. Í stöku tilvikum hafa komið fyrispurnir um heimakennslu og byggjast þær yfirleitt á misskilningi. Það hafa komið óskir um heimakennslu sem segja má að séu eiginlega óskir um sjúkrakennslu, gjarnan vegna barna sem þegar eru í skólaforðun, eða óskir um undanþágu frá skólasókn vegna tímabundinna ferða foreldra, t.d. skútusiglinga/heimsreislu í afmarkaðan tíma, en nemandi sé samt í grunnskóla sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur mótað þá afstöðu að reyna að leysa slíkar tímabundnu óskir í samstarfi við viðkomandi skóla. Þannig sé möguleiki að barn fái tímabundna undanþágu frá skólasókn og aukna áherslu á heimanám við sérstakar aðstæður. Það hefur stundum verið samþykkt. En flytji barn erlendis með fasta búsetu en haldi samt lögheimili í Hafnarfirði er meginreglan að skólaskyldan hefur færst frá Hafnarfirði til útlanda. Hafnarfjörður heldur ekki fjarnámsskóla fyrir hafnfirsk börn í útlöndum þótt óskir um slíkt hafi einnig komið til bæjarins. Þá er einnig áhyggjuþáttur að ekki er vitað hvort börn með lögheimili í Hafnarfirði og búa erlendis gangi í skóla þar því engin yfirsýn eða regluverk er til um slíka framkvæmd. Það er einfaldlega ekki vitað hvort öll íslensk börn njóti menntunar þar.

Þáttur sveitarfélags

Meginefni reglugerðarinnar er aukinn þáttur sveitarfélags í aðkomu að heimakennslu líkt og áður hefur verið nefnt. Þannig verður á hendi sveitarfélags rannsóknarskylda um aðstöðu við heimakennslu, mat á námsstöðu, eftirlit með framkvæmd, skipulag námsmats, samstarf við þjónustuskóla (meðal annars um aðgang að námsgögnum og frístundaheimili) og afnám heimakennslu. Eiginlega á sveitarfélag að bera ábyrgð öllu nema sjálfri kennslunni. Reglugerðin leggur þannig mikla ábyrgð á sveitarfélag (þjónustuskóli hans meðtalinn) án þess að hann beri nokkra ábyrgð. Væri ekki eðlilegra að barn væri í skóla í stað heimakennslu?

Fyrirkomulag heimakennslu sem boðað er í drögum er á margan hátt sérstakt. Sveitarfélag ber á margan hátt ábyrgð á umræddri heimakennslu án þess þó að geta nokkru ráðið um hana að séð verður. Það sem í reynd breytist frá fyrri reglugerð eru auknar kvaðir til sveitarfélags að fylgja eftir kerfi sem óljóst er að hafi mikið vægi, sé eftirsóknarvert eða hafi eitthvað fram að færa samfélagslega. Þá er kveðið um að heimakennsla skuli fylgja aðalnámskrá grunnskóla en það er engan veginn hægt að sjá að slíkt gerist í heimahúsi, t.d. varðandi ýmsa aðstöðu sem er í grunnskóla en getur ekki átt sér stað í hefðbundnu heimahúsi – eins og t.d. íþróttastaða, smíðastofa, bókasafn og fleira. Það er því hæpið að halda því fram að heimakennsla jafngildi grunnskóla varðandi það að fylgja aðalnámskrá. Því má einfaldlega velta fyrir sér hvort ákvæði um heimakennslu, sem mótvægi við nám í grunnskóla, eigi við í

íslensku eða vestrænu lýðræðissamfélagi. Er hugmyndin um heimakennsla ekki eiginlega frekar að koma sér undan lýðræðislegri þátttöku?


Ný nálgun

Sé það vilji löggjafans að halda hugmyndinni um heimakennslu til streitu væri eðlilegra að ríkisvaldið sæi um það sjálft því þetta verkefni er á skjön við rekstur grunnskóla landsins sem eru í höndum sveitarfélaganna. Svo þeirri skoðun er lýst hér að eðlilegra sé að ríkisvaldið, t.d. Menntamálastofnun, beri ábyrgð á heimakennslufyrirkomulaginu í heild sinni, þ.e. samþykktarferlinu, úttektum, eftirliti og öðru með sínu eigin starfsfólki frekar en sveitarfélögin. Reynslan er til staðar í ytra mati ríkisvaldsins og mætti útfæra það í þennan farveg heimakennslu sömuleiðis. Ríkisvaldið er að þröngva inn á sveitarfélögin enn öðru verkefni með þvingingarákvæðum án þess að færa sveitarfélögunum verkfæri eða umbun í staðinn. Þrátt fyrir að þetta verkefni sé lítið, þ.e. gildi væntanlega um fá börn, er mikil vinna fyrir einstök sveitarfélög, ekki síst lítil úti á landi, að sinna þessu þjónustu- og eftirlitshlutverki við innleiðingu á heimakennslu sem þó kemur skólastarfi sveitarfélagsins ekki við. Slíkt fyrirkomulag, þ.e. að ríkisvaldið hefði þetta verkefni, myndi tryggja samhæfni í framkvæmd þessa verkefnis og koma á sanngjarnari framkvæmd fyrir foreldra sem væri óháð vinnuferlum í einstaka sveitarfélögum. Einstök sveitarfélög eru augljóslega mis vel í stakk búin að sinna verkefni sem þessu út frá stærð sinni og þar með þjónustustigi.

Niðurstaða

Breyttar áherslur sem frumvarpið leggur til og hugmyndin um heimakennslu hefur ekki fengið þá nauðsynlegu umræðu innan innar sveitarfélaga og í skólasamfélaginu sem nauðsynleg er til að lítið ígrunduð framkvæmd í lýðræðisþjóðfélagi. Auk þess sem hún ætti alls ekki að vera verkefni sveitarfélaga þótt rekstur grunnskóla sé það. Vilji ríkisvaldið halda þessu verkefni til streitu ætti það að bera ábyrgð á því sjálft að öllu leyti. Að minnsta kosti er hugmyndafræðin á bak við breytingar á reglugerðinni ekki skýr né aðferðafræðin við framfylgd hennar. Breytingarnar geta hæglega kallað á „opnun Pandórubox“ þar sem ófyrirséðir, óráðdir og illa ígrundaðir pyttir gætu hæglega leynst.

Virðingarfyllst,



*Fanney Dórothe Halldórsdóttir,
Sviðsstjóri mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðar og
formaður Grunns félags fræðslustjóra*